

# Ferðastyrkur á vegum EES sjóðsins til Rúmeníu - orkumál

12.09.2016

Á vegum Rondine orkuáætlunar Rúmeníu, sem styrkt er af Uppbyggingarsjóði EES (EEA Grants), er nú hægt að fá ferðastyrk til Búkarest í Rúmeníu þann 11.-15. október, í þeim tilgangi að styrkja tvíhliða tengsl landanna, sérstaklega á sviði orkumála. Í boði eru 30 ferðastyrkir og miðað er við 1-2 frá hverjum aðila. Allir aðilar sem vinna á sviði orkumála er frjálst að sækja um, og hvetjum við konur sérstaklega til að senda inn umsókn.



## Drög að dagskrá:

11. október – ferðadagur til Rúmeníu.
12. október – heimsókn til Ilfov, þar sem hitaveita hefur fengið styrk frá Rondine. Heimsókn í stærsta innanhúss baðstað í Evrópu Therme Bucharest sem er hitaður með jarðhita.
13. október – farið á ExpoEnergie ráðstefnuna kl. 12:00. Ráðstefnan skoðuð – kynningar, fundir og viðburðir um vatnsafl og önnur endurnýjanleg orkuverkefni.
14. október – Kynningar, fundir og viðburðir um jarðhitaverkefni kl. 13:00 – 18:00. Meðal annars verður fjallað um Rondine verkefni og möguleika í nýju prógrammi fram til 2021
15. október – ferðadagur til baka.

Umhverfissjóðurinn EFA (Environmental Fund Administration) í Rúmeníu, mun bera ábyrgð á að greiða flugfargjald og hóteltönginguna þó umsækjendur geti haft áhrif á ferðatilhögun. Hugsanlega verður einnig hægt að greiða fyrir annan kostnað ef nauðsyn krefur.

## Umsókn

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn í tölvupósti á [os@os.is](mailto:os@os.is) fyrir 16. september 2016, með fyrirsgögninni, „*Beiðni um ferðastyrk til Rúmeníu*“.

Þar skal eftirfarandi koma fram:

- 1) Nafn og kennitala umsækjanda, staða hjá vinnuveitanda (á íslensku og ensku) og heimilisfang.
- 2) Ferðaáætlun, þ.e.a.s. brottför og koma, ásamt ósk um ferðatilhögun.
- 3) Tilgangur ferðarinnar.

## Nánari upplýsingar veitir:

María Guðmundsdóttir [maria.gudmundsdottir@os.is](mailto:maria.gudmundsdottir@os.is)

Orkustofnun er ráðgefandi umsýonar- og eftirlitsaðili með verkefnum Uppbyggingarsjóðs EFTA m.a. í Rúmeníu og veitir ráðgjöf til að efla tvíhliða samstarf þjóðanna á sviði orkumála og aðstoð við uppbyggingu.

## Frekari upplýsingar:

ExpoEnergie ráðstefnan 11. – 15. okt. Búkarest <http://www.romexpo.ro/en/>

Rondine orkuáætlun Rúmeníu <http://www.rondine.ro/en>

Vefur Orkustofnunar <http://www.orkustofnun.is/orkustofnun/erlend-samskipti/uppbyggingarsjodur-EES/>

Nánari uppl. í ársskýrslu Orkustofnunar 2015, bls. 27 <http://os.is/gogn/OS-arsskyrslur/OS-arsskyrsla-2015.pdf>